



## Fundargerð 56. aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) haldinn í Tónlistarmiðstöðinni á Eskifirði 29.apríl 2022

Dagskrá fundarins var á vefnum, [þingskjal nr. 1](#).

Þingskjöl aðalfundar voru aðgengileg á vef Austurbrúar.

### 1) Setning aðalfundar, skipun fundarstjóra og ritara

Einar Már Sigurðarson, formaður SSA, setti aðalfundinn kl. 10:00 og bauð fundarmenn og gesti velkomna á 56. aðalfund SSA. Einar Már bar upp tillögu um Eydís Ásbjörnsdóttur sem fundarstjóra og Ásdís Helgu Bjarnadóttur sem fundarritara og var tillagan samþykkt samhljóða.

Eydís Ásbjörnsdóttir þakkaði traustið. Tók því næst við stjórn fundarins. Kynnti fundarstjóri að liður 2. og 3. í boðaðri dagskrá yrðu teknir saman og bauð Formanni að taka til máls.

### 2) Kynning á nefndum stjórnar

Einar Már Sigurðarson kynnti [þingskjal nr. 2](#)

Í Fjárhagsnefnd sátu Eydís Ásbjörnsdóttir formaður (Fjarðabyggð), Sara Elísabet Svansdóttir (Vopnafjarðarhreppur) og Guðlaugur Sæbjörnsson (Múlaþing). Einar Már kynnti breytt fyrirkomulag í tengslum við kjörbréf fundarins þar sem í ár var ákveðið að formaður myndi staðfesta kjörbréf í samstarfi við starfsfólk fundarins.

### 3) Formaður kynnir niðurstöðu vegna kjörbréfa

Formaður staðfesti eftir yfirferð með starfsfólki fundarins að mæting kjörinna fulltrúa væri í samræmi við kjörbréfin sem bárust fyrir fundinn.

### 4) Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri bauð Einari Má Sigurðarsyni að kynna skýrslu stjórnar. Einar Már fór yfir helstu atriði í skýrslu stjórnar.

Haldnir voru 11 stjórnarfundir og flestir í fjarfundi. Tveir fundir hafa verið haldnir með sveitarfélögum, Fljótsdalshreppi og Vopnafjarðarhreppi. Stefnt er að því að funda með Múlaþingi og Fjarðabyggð áður en starfstíma stjórnar líkur. Á kosningarári er kosið til stjórnar að hausti samkvæmt síðustu samþykktum SSA. Telur formaður fjölmarga kosti við þetta fyrirkomulag. Gera má ráð fyrir umtalsverðum breytingum í stjórn SSA þar sem aðeins einn fulltrúi í stjórn gefur kost á sér áfram til sveitarstjórnar.

Vaxandi óánægja er með kjördæmavikur sem eru að verða að kjördæmadegi. Nú síðast tekinn í fjarfundi. Búið er að taka þetta upp við þingmenn kjördæmisins og var gerð tilraun til að taka upp þemafundi með SSNE. Þannig voru heilbrigðismál tekin sérstaklega fyrir og hagaðilar boðaðir með, einnig um Raforkumál. Fjölmargir



fundir hafa svo verið með þingmannanefndum og fagaðilum til að fylgja vel eftir hagsmunamálum Austurlands.

Við megum vera stolt af ýmsu hjá okkur, nefni nokkur dæmi: Ársfundur Sjálfbærni- og umhverfisnefndarinnar, flott verkefni og vel heppnaður fundur um húsnæðismál sem er afar brýnt efni og við munum taka áfram.

Austurbrú ses. með sínum fagsviðum sem eru allar undir einum hatti í stað vistunar undir fjölmörgum höttum hjá öðrum. Margir horfa til okkar í þeim efnum.

Við erum með fjögur sveitarfélög undir sambandinu, þau eru hvergi færri en hér. Draumurinn er að sameina sveitarfélögin til að geta komið sem sameiginleg heild sem skiptir máli gagnvart hagsmunamálum og framgangi þeirra.

Svæðisáætlunarvinna SSA er líka einstök þar sem þetta er fyrsta sambandið sem klárar slíka vinnu. Við megum vera mjög stolt af þessari vinnu sem hefur gengið vel. Virkilega ánægjulegt að 35 umsagnir bárust við stefnuna sem sýnir að áhugi er á málum. Svæðisskipulagsnefndin er búin að vera stærsta áhersluverkefni okkar á síðasta tímabili. Áætlunin byggði á því að svæðisskipulagið yrði staðfest fyrir kosningarnar 2022.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur komið sterkt inn í umsagnir þingmála og samstarf um það með sveitarfélögum. Rafræn samskipti eru að aukast og samráð í gegnum fjarfundi. Mjög jákvæð þróun. Töluvert er leitað til Austurbrúar um ráðgjöf og innlegg um ýmis málefni.

Lögð hefur verið talsverð vinna í að efla Sóknaráætlunina en við höfum ekki náð almennilega í gegn. Halda þarf áfram þeirri vinnu og fara fram á aukið framlag til að fylgja auknum verkefnum til landshlutans frá ráðuneytunum. Fjölmörg verkefni eiga betur heima hjá landshlutunum en ráðuneytunum.

Gagnvart tillögu dómsmálaráðherra um að leggja niður sýslumannsembættin hefur SSA rýnt þessa tillögu og vill horfa jákvætt á þætti hennar, s.s. að nýta húsnæðin, mögulega nýta betur starfskrafta Austurbrúar og/eða deila verkefnunum frá ráðuneytunum meira út og til embættanna/landshlutanna. Það er líklegra að hlustað sé á okkur ef við tökum jákvætt í umræðuna og erum á vaktinni við að koma okkar sjónarmiðum inn og finna betri leiðir.

Samgöngumál. Egilsstaðaflugvöllur. Unnið er að því að skipa starfshóp um framtíð flugvallarins.

Tvö verkefni í brothættum byggðum: Betri Borgarfirði er lokið en farið er af stað með verkefnið Sterkur Stöðvafjörður. Tímabundin verkefni fóru einnig af stað sem hafa unnist vel, t.d. Seyðisfjarðarverkefnið. Verkefnastjórn var mynduð af Múlapingi og Austurbrú við Ríkisvaldið – Gauti formaður sem situr einnig í

vinnuhópi þvert á ráðuneytin. Fyrirkomulagið hefur verið til fyrirmyndar og skilað sér vel.

Háskólamálin – Háskólagrunnurinn HR fór af stað í haust og hefur samstarfið við HR og HA eflst samhliða því að unnið er innan svæðis að samstarfi við University of Highlands and Islands. Horft er til þess að vera „Híbýli háskólanna“.

SVAust er búið að vera í gangi frá árinu 2012 með það meginmarkmið að byggja upp almenningssamgöngur innan svæðisins. Verkefnið var fjársvelt frá upphafi. Því er að ljúka núna þar sem ekki náðust samningar við Vegagerðina. Þeir vildu að sveitarfélögin færu að greiða fyrir þjónustuna, sem kom aldrei til mála. Vegagerðin mun rýna samninginn betur við Strætó og athuga hvort hann falli að verkefninu. Búið er að skipa aðra nefnd til að fara yfir það hvernig megi vinna að almenningssamgöngum á landinu.

Mikilvægt er að vera vel vakandi gagnvart samgönguáætluninni og að koma framkvæmdum inn í áætlunina og tryggja að ekkert falli út úr henni.

Á vegum sjálfbærni verkefnisins var haldið þing um húsnæðismál. Brýnt er að eiga samtal við atvinnulífið til að ýta vel á boltann og vinna mál markvisst áfram, s.s. byggja upp húsnæði og auka útsvarstekjur sveitarfélaganna. Rýna alla þá kosti sem bjóðast til húsnæðisuppbýggingar og styðja við leigumarkaðinn.

Styrking sveitarstjórnarstigsins er brýnt mál. Við þurfum að koma á betra skipulagi verkefna og sanngjarnari tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Hagsmunamál allra sveitarfélaga.

Við getum almennt verið ánægð með samstarf sveitarfélaga á Austurlandi. Stjórn SSA hefur unnið vel saman, samstaða hefur verið um mál og samheldni um leiðir til að ná málefnum fram. Formaður þakkar heilshugar samstarfið, sem og því sveitarstjórnarfólki sem er að kveðja og verða ekki með á haustþinginu. Þakkar vel þingmönnum og starfsmönnum Austurbrúar, úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs, og öðru samstarfsfólki um allt landi fyrir gefandi og gott samstarf.

Einar Már vísaði síðan í rafræna ársskýrslu á vef.

Orðið gefið laust. Enginn kvað sér hljóðs.

## 5) Kynning á ársreikningi 2021

Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri, kynnti ársreikning sambandsins þar sem fulltrúi hjá KPMG gat ekki verið viðstaddur. Hún vísaði fundarmönnum á að ársreikningurinn er aðgengilegur á Austurbru.is og fór yfir helstu niðurstöður hans. Rekstrarafgangur ársins 2021 er rúmlega 5 milljónir. Heildareign er um 322 milljónir, skuldir eru 265 milljónir og eigið fé er um 57 milljónir. Handbært fé í árslok er tæplega 220 milljónir.

Fyrirvari: Fyrirhugað er að breyta greiðslum til Ljósmyndasafns Austurlands þannig að þær fari ekki lengur í gegnum SSA heldur beint frá sveitarfélögunum. Samþykkt fyrir því liggur ekki fyrir en vilji er meðal sveitarfélaga að svo verði og því ekki gert ráð fyrir þessu framlagi í ársreikningnum.

**6) Kynning endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar SSA fyrir árið 2022 og fjárhagsáætlunar SSA fyrir árið 2023 ásamt uppfærðum árgjöldum fyrir árið 2022 og árgjöldum fyrir árið 2023**

Jóna Árný Þórðardóttir kynnti endurskoðaða fjárhagsáætlun 2022 og áætlun fyrir árið 2023 ásamt uppfærðum árgjöldum fyrir árið 2022 og árgjöldum fyrir árið 2023. Jóna vísaði að lokum í rafrænt skjal á vefnum merkt [þingskjal nr. 3](#).

Orðið gefið laust um lið 4 og 5.

Helgi Gíslason sveitarstjóri Fljótsdalshreppi þakkar fyrir traustan rekstur á Austurbrú. Eftirtektarvert og til gamans nefnt að sjá stóran muna á framlagi á áætlun og rauntölum frá sveitarfélögunum, sem nema 2 krónum. Ekki fleiri báðu um orðið.

**7) Formaður fjárhagsnefndar kynnr niðurstöðu nefndarinnar**

Sara Elísabet Svansdóttir nefndarmaður í fjárhagsnefnd, kynnti niðurstöður nefndarvinnunnar, [þingskjal nr. 4](#).

Með Söru í nefndinni störfuðu þau Eydís Ásbjörnsdóttir, formaður og Guðlaugur Sæbjörnsson. Nefndin hafði til skoðunar ársreikning SSA 2021, könnunarbréf 2021, fjárhagsáætlun SSA 2022 og 2023, árgjöld sveitarfélaga, ásamt ársreikningum fyrir Minningarsjóð Ragnhildar Metúsalemsdóttur og Stefáns Péturssonar sem og Atvinnuþróunarsjóð Austurlands.

Fjárhagsnefnd hefur farið yfir ofangreind gögn og leggur til við aðalfundinn að ársreikningar og fjárhagsáætlanir verði samþykktar.

Orði gefið laust.

Stefán Bogi nýr forstöðumaður Héraðsskjalasafn kvað sér hljóðs og greindi frá því að það liggi fyrir tillaga um að greiðslur til Ljósmyndasafns Austurlands komi beint frá sveitarfélögunum en ekki í gegnum SSA. Vænta má að þessi tillaga verði samþykkt.

Fleiri kváðu sér ekki hljóðs.

**8) Afgreiðsla tillagna fjárhagsnefndar**

Ársreikningur SSA 2021 borinn upp og samþykktur samhljóða

Tillaga að uppfærðum árgjöldum 2022 borin upp og samþykktur samhljóða

Tillaga að árgjöldum 2023 borin upp og samþykkt samhljóða

Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2022 borin upp og samþykkt samhljóða

Fjárhagsáætlun 2023 borin upp og samþykkt samhljóða

**9) Könnun ársreiknings**



---

Jóna Árný fór yfir fyrirkomulag í tengslum við könnun ársreiknings og er til staðar samningur við KPMG.

#### **10) Önnur mál**

Orðið gefið laust  
Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundarstjóri bauð formanni að koma og slíta fundi.

Einar Már kom upp og fór yfir að kosið yrði til nýrrar stjórnar í haust á haustþingi.  
Einar þakkaði starfsfólki fundarins fyrir gott skipulag og sleit að lokum fundi.

Fundi slitið kl. 11:10